

## AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá nr. 1262/2015 fyrir Hafnasjóð Vesturbýggðar.

1. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

### *Lestargjöld.*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 12,62 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr., en þó ekki oftar en tvívar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskáða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Af skipum yfir 80 brt, flóabátum og ferjum, sem hafa viðkomu í Brjánslækjarhöfn, skal greiða lestargjald, 14,72 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr.

### *Bryggjugjöld.*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 6,31 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, 78,12 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 8.767 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiða þó aldrei lægra en 5.853 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Af skipum yfir 80 brt, flóabátum og ferjum, sem hafa viðkomu í Brjánslækjarhöfn, skal greiða bryggjugjald, 7,36 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

2. gr.

4. málsl. bætist við 21. gr. gjaldskrárinnar og hljóðar svo:

Gjald vegna aðstöðu fyrir olíudælur er 9.626 kr. á mánuði.

3. gr.

Auglysing þessi um breytingu á gjaldskrá fyrir Hafnasjóð Vesturbýggðar var samþykkt af hafnarstjórn þann 14. júlí 2016, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Auglysingin öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Vesturbýggð, 27. júlí 2016.

Ásthildur Sturludóttir hafnarstjóri.